

Skýrsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja 2002-2003.

Inngangur.

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar yfir helstu aðburði líðandi árs hjá Björgunarfélagi Vestmannaeyja.

Starfsárið 2002-2003 skipuðu eftirtaldir meðlimir stjórn:

Formaður: Adolf Hafsteinn Þórsson.

Varaformaður: Hjálmar Baldursson.

Gjaldkeri: Sigurður Þórir Jónsson.

Ritari: Bjarni Sighvatsson.

Meðstjórnendur: Arnar Ingi Ingimarsson og Hannes Kristinn Eiríksson.

Ánægjulegasti atburðurinn í starfi félagsins í ár er tvímælalaust björgun tveggja manna við Elliðaey. Allt gekk upp í þessu útkalli. Viðbragðstími frá því að boð berast frá neyðarlínunni og þar til Þór fór af stað var aðeins þrjár mínútur. Og aðeins liðu fjórtán mínútur frá útkalli þar til mennirnir voru komnir um borð. Áhöfn Þórs hlaut viðurkenningar fyrir björgunina. Það hlýtur að vera mesta ánægja sem björgunarmanni getur hlotist, að bjarga mannlífi.

Á starfsárinu hafa verið haldnir 20. formlegir stjórnarfundir og 6. félagsfundir.

Fyrir utan þjóðhátíð var æfingin “Samvörður 2002” langstærsta verkefni starfsársins. Æfingin stóð stanslaust yfir í tvo og hálfan sólarhring, auk undirbúnings og frágangs. Alls tóku um fjörutíu félagar BV. þátt í æfingunni.

Samningur BV við almannavarnir er útrunnin fyrir nokkru. Við höfum ekki haft hraðar hendur við að undirrita nýjan samning þar sem frumvarp um réttindi og skyldur björgunarmanns hafa verið lengi í smíðum, óljóst hefur verið um framtíð almannavarna ríkisins og að samningur hefur sett okkur skyldur á herðar en ekkert fært okkur í staðinn ss. fræðslu, endurmenntun og útbúnað.

Nú liggur fyrir að hressa þarf upp á útlit húss okkar við Faxastíginn. Það er óðum að nálgast tvítugsaldurinn og því eðlilegt að það þurfi hressingar við. Nýlega hafa verið keypt borð í salinn og á leiðinni eru stólar.

Stjórnin er þeirrar skoðunar að fjölga þurfi námskeiðum og æfingum.

Húsbyggingin og fjáraflanir hafa tekið mikinn tíma. Vonandi sér fyrir vinnuna við húsið á þessu ári þannig að meiri tími gefist í námskeiðahald og æfingar.

Stjórnin þakkar félögum fyrir ánægjulegt samstarf á starfsárinu sem nú er að ljúka.

Samvörður.

Æfingin “Samvörður 2002” var haldin 24.júní til 1.júlí sl. Sá hluti æfingarinnar sem var hin eiginlega björgunaræfing stóð yfir í Eyjum dagana 28-30.júní. Leikgerð æfingarinnar gekk út á það að eldgos hefði orðið á Heimaey. Höfnin og flugvölurinn hefðu lokast og að björgunarlið yrði að koma til Eyja sjóleiðina en flóttafólk yrði að mestu að flytja sjóleiðina og að einhverjuleiti með þyrlum. Stjórn BV. hafði tekið þá ákvörðun að BV. tæki þátt í æfingunni sem björgunarsveit en ekki á neinn hátt sem stjórnandi verkefna. Skiptist því lið BV. að meginhluta í þrennt. Einn hópurinn starfaði í stjórnstöð almannavarnanefndar, einn hópurinn myndaði rústabjörgunarsveit og sá þriðji starfaði á Þór. Fram kemur á öðrum stöðum í skýrslunni hver verkefni tveggja síðarnefndu hópanna voru og verður þetta því stutt yfirlit yfir starfið í aðgerðarstjórninni.

Vitað var fyrirfram að almannavarnarnefnd Vestmannaeyja gæti ekki ráðið við fyrirséð verkefni. Myndaði því nefndin ásamt svæðisstjórn BV. svokallaða aðgerðarstjórn. Þótt æfingin væri haldin á vegum NATO, hafði verið ákveðið að stjórnunarlegi þátturinn á Eyjum færi fram eftir kerfi íslenska almannavarnakerfisins. Sem sagt, allar ákvarðanir, öll verkefni, beiðni um aðstoð og tæki hverskonar færi í gegnum aðgerðarstjórn.

Menn voru eins vel undirbúnir og hægt var en þegar æfingin hófst varð verkefnið strax yfirþyrmandi. Frá fyrstu mínútum til hinna síðustu má segja að helst hafi yfir okkur hafsjór verkefna. Aðgerðarstjórnin reyndi að bestu getu að vinna eftir nýju kerfi almannavarna sem gera á öll vinnubrögð markvissari. Í lok æfingarinnar höfðu hundruðir ákvarðana og fyrirmæla farið í gegnum hendur aðgerðarstjórnar. Sem dæmi um álagið þá voru nánast alltaf tveir menn í fjarskiptum og höfðu oft hvergi undan. Í heildina er hægt að segja að staf aðgerðarstjórnar hafi tekist vonum framar. Álagið á hana var sjálfsagt meira, á skemmri tíma, en slík stjórn mun nokkurn tíma þurfa að glíma við.

Eftirmæli okkar í aðgerðarstjórn eru þau að æfingin hafi verið ögrandi, erfið og lærdómsrík. Bs.

Húsbygging.

Eins og fram kom í seinustu ársskýrslu er “Sjóbúðin” nú fullkláruð að utan. Eftir er að ganga frá lóð og fráveitum. Að innan hefur verið unnið við stóru hurðina og er hún nú klár. Þá hefur verið unnið við að einangra og klæða loft og veggja á þeim hluta sem ætlaður er fyrir mannskapinn. Þar verður kaffistofa, salerni, sturta og geymsla ásamt skápaðstöðu

einstaklinga. Töluverð pressa hefur verið frá utanaðkomandi aðilum að komast inn með báta. Það er ljóst að húsið verður klárað að innan áður en tekin verður afstaða í slíkum málum. Vonast er til að hægt verði að taka húsið í fulla notkun á næstu mánuðum.

Bílamál.

Lundi 2 (Nissan Patrol) er nú loks kominn í fulla notkun eftir mikla viðgerð eftir tjón. Keypt hafa verið ný dekk undir hann.

Nokkuð hefur borið á bilunum á Lunda 1. og hefur hann ekki verið í fullri notkun vegna þeirra. Það hefur verið stefna félagsins að bílar félagsins séu ekki hafðir í notkun lengur en fimm ár. Nú er Lundi 1. orðinn átta ára gamall og má því segja að fyrir nokkru sé kominn tími til að skipta honum út. Stjórnin hefur um alllangan tíma skoðað hvaða kostir kæmu til greina og meðal annars fylgst með því hvaða tegundir björgunarsveitir uppá landi hafa verið að kaupa. Eftir ýtarlega yfirlegu hefur verið ákveðið að kaupa annan Econoline bíl. Svo virðist sem enginn önnur bíltegund bjóði upp á samskonar gæði, flutningsgetu og verð og þessi bíll. Einnig má líta til þess að mikil reynsla er af þessum bílum.

Reynslan af fyrsta heila rekstrarári Lunda 3. (Mazda) sýnir að hann léttir til muna álagi á hinum bílunum. Reynslan syndi að full þörf var fyrir snattbíll og fyrir utan það hve óþjálfr stærra bílarnir eru til slíkra nota þá lágu þeir oft undir skemmdum þegar verið var að troða inn í þá allskonar dóti sem flytja þurfti. Í framtíðinni mætti hugsa sér slíkan bíl með nokkrum sætum til að auka flutningsgetu á fólki.

Þjóðhátíð.

Einhverri blautustu þjóðhátíð í manna minnum lauk, án stórkostlegra áfalla þegar nokkuð var liðið á þriðjudaginn eftir þjóðhátíð. Alls komu um 120. manns að starfi, frá björgunarsveitum víðsvegar um landið.

Í samræmi við neyðaráætlun var íþróttahús bæjarins opnað en þegar að það gerðist hafði hellirígt, stanslaust frá því fyrir þjóðhátíð. Dalurinn var nánast á floti og mörg tjöld fuku. Alls er talið að um 1.500 manns hafi leitað sér skjóls í íþróttahúsinu þegar mest var. Gríðarleg vinna var hjá björgunarsveitunum vegna þessa, ma. Þurfti að lengja vaktir og fjölga auk þess sem Herjólfur fór aukaferðir sem við þurftum að manna gæslu í. En þrátt fyrir kulda og hrakningar, gekk samstarfið við krakkana hreint frábærlega og virtust þeir skemmta sér vel þrátt fyrir volkið. Samstarfið við þjóðhátíðarnefnd, lögreglu og öðrum þeim sem að málinu komu gekk

einnig mjög vel og fengum við hrós frá þessum aðilum fyrir aðkomu okkar að málinu.

Nýliðar.

Nýliðastarf hefur verið með hefðbundnum hætti. Nokkur námskeið hafa verið haldin. Núna um páskana eru td. níu nýliðar á námskeiðinu “Björgunarmaður 1”. Það er níu daga námskeið og er það haldið í Björgunarskóla samtakana að Gufuskálum.

Flugeldamál.

Flugeldasala hefur alltaf verið okkar helsti tekjuliður. Salan gekk þokkalega í ár en ekki meira en það, þrátt fyrir það að vörulínan hjá okkur sé mjög breið og verð hagstætt. Ljóst er að við höfum mætt harðnandi samkeppni og við því þurfum við að bregðast.

Félagið sá um flugeldasýninguna á þjóðhátíðinni. Að vandál þótti hún takast vel, þó um tæknilega erfiðleika hafi verið að etja vegna bleytu og roks.

Gjafir.

Í tilefni stórafmælis Kiwanisklubbsins Helgafell, afhentu þeir félaginu að gjöf krónur þrjúhundruð þúsund. Féð skal nota til tækjakaupa. Var ákveðið að nota gjöfina til kaupa á fullkominni siglingar og leitartölvu í björgunarbátinn Þór. Enn og aftur sendir Björgunarfélagið Kiwanismönnum sínar bestu þakkir og óskar þeim velfarnaðar í sínum störfum.

Viðurkenningar.

Á sjómannadaginn afhenti Slysavarnarfélagið Eykyndill áhöfninni á Þór viðurkenningu fyrir björgun manna við Elliðaey.

Einnig afhenti sjómannadagsráð áhöfninni viðurkenningu fyrir sömu björgun.

Á árlegum viðurkenningadegi Eyjasýnar var Björgunarfélaginu afhent viðurkenningarskjal fyrir björgunina við Elliðaey.

Það er ánægjulegt og mikill heiður fyrir félagsmenn BV. að fá slíkar viðurkenningar. Þær eru um leið staðfesting þess að sjálfbóðaliðsstarf þeirra hefur ekki verið unnið til einskis og það hljóta að vera æðstu verðlaun sem nokkur björgunarmaður getur hlotið að fá viðurkenningu einhvers fyrir að hafa bjargað mannlífi.

Neyðarvörusala.

Í farmhaldi af því að landssamtökin hættu neyðarvörusölu þá náðust samningar við Ellingsen um innkaup neyðarvöru. Salan hefur gengið ágætlega, en við finnum fyrir fækkun í bátaflotanum. Við eigum samt tryggja viðskiptavini sem verslað hafa við okkur árum saman. Notum við tækifærið og þökkum þeim fyrir.

Göngurall.

Göngurallið var haldið 19.október sl. Þátttakan var nokkuð góð, en alls tóku 13 meðlimir þátt í rallinu og kláruðu 10 þeirra rallið. Vaknað hafa hugmyndir um að hafa rallið opið að hluta til þannig að almenningi gæfist möguleiki á þátttöku. Ekki hefur neitt verið ákveðið í því máli.

Námskeið.

Víðir Reynisson hjá almannavörnum ríkisins hélt námskeið um SÁBF stjórnkerfið sem allir eiga að vinna eftir í framtíðinni.

Hörður M. Harðarsson hélt svæðisstjórnarnámskeið dagana fyrir Samvörð 2002. og var námskeiðið sniðið að verkefnum Samvarðar.

Valgeir fjölmiðlafulltrúi SL. hélt flugeldasölunámskeið í desember 2002 og var gerður mjög góður rómur að því námskeiði enda voru menn hálfu duglegri við flugeldasölu en venjulega.

Sérhæft skyndihjálparnámskeið fyrir áhöfnina á Þór var haldið í apríl.

2003. Leiðbeinendur voru Ármann Höskuldsson og Einar Örn Arnarsson.

Kennd var notkun sérhæfðari skyndihjálparbúnaðar ss. hjartastuðtæki, vökvauppsetning, spelkur, ketvesti og frágangur sjúklinga til flutnings td. á milli skipa. Þetta var ítarlegt og gott námskeið.

Félagsfundir.

Á starfsárinu voru haldnir sex félagsfundir þar sem mæting var allgóð.

Það helsta sem er á döfinni hverju sinni er rætt á þessum fundum og þetta eru einu skiptin þar sem allir geta hist, skipst á skoðunum og rekið garnirnar úr stjórninni.

Greinilega er þó þörf á því hressa upp á formið á fundunum og óskar stjórnin eftir tillögum félagsmanna.

Tölvur.

Keypt var ný tölva í stjórnstöð. Eins og allir vita eldast tölvur illa, öfugt við konur. Þótt tölvan sem fyrir var hafi ekki verið gömul þá var hún orði erfið í umgengni og óútreiknanleg eins og ...

Í húsið er nú komið netkerfi og öll tölvumál í fastari skorður, þökk sé Ármanni Höskuldssyni sérlegum deildarstjóra tölvudeildar BV.

Ströngukennsla.

Spröngukennslan var með hefðbundnu sniði en í mörg undanfarin ár hefur BV. annast hana fyrir Vestmannaeyjabæ. Hannes Eiríksson sá um kennsluna.

Útbúnaður frá Keikó.

Eins og allir vita er Keikó fluttur til Noregs. Keikósamtökin hafa hætt starfsemi sinni hér í Eyjum og hafa verið að taka saman sitt hafurtask. Okkur stóð til boða að kaupa af þeim hluta af þeim tækjum og tólum sem þeir eru hættir að nota. Ákveðið var að kaupa stóra bensínrafstöð, stóra loftpressu til að fylla á köfunarkúta, litla færanlega loftpressu fyrir köfunarkúta, spennubreyti og neyðarlýsingu.

Fulltrúaráðsfundur-landsþing.

Fulltrúaráðsfundur SL. var haldinn í febrúar sl. í Reykjavík. Fjórir stjórnarmenn BV. sóttu fundinn.

Það markverðasta sem fram kom á fundinum var fjárhagsáætlun og drög að nýjum lögum. Þar er helsta breytingin sú að fækka á fólki í stjórninni til þess að gera störf hennar einfaldari og markvissari. Þá var kynnt verkefni sem nú er unnið að og gengur út á að breyta og bæta ímynd samtakana.

Árshátíð.

Árshátíð félagsins var haldin 23.nóvember sl. Mæting var ágæt og skemmtu allir sér vel við heimatilbúin skemmtiaðriði og matseld.

Flíspeysur.

Björgunarfélagið pantaði flíspeysur frá 66 N en SL. hefur gerð samning við þá um framleiðslu á peysum og merkingar á þær. Ákváðum við að taka þessar peysur en allengi höfðu menn velt fyrir sér peysumálum og margar verið skoðaðar án þess að menn væru sáttir.

Hver peysa er merkt SL + BV og nafni notanda. Illa gekk að fá peysurnar rétt merktar og gengu sendingar fram og til baka milli lands og

Eyja áður en endanlega tókst að merkja þær rétt. Stjórnin hvetur alla meðlimi BV. til þess að kaupa sér peysu, þannig að yfirbragð hópsins verði samstæðara.

Heimsókn-aðalstjórn SL.

Þann 23.nóvember sl. komu nokkrir stjórnarmenn Slysavarnarfélagssins Landsbjargar í heimsókn til okkar og slysavarnardeildarinnar Eykyndils. Fundurinn var haldinn að þessu sinni í húsnæði okkar.

Kynntu stjórnarmenn það helsta sem í gangi er hjá samtökunum ss.flutningur höfuðstöðva SL. í Skógarhlíð í Rvk. Þar er verið að reisa sameiginlega björgunarmiðstöð alla viðbragðsaðila. Einnig gafst fundarmönnum kostur að spyrja stjórnarmenn spjörunum úr og öfugt.

Heimasíða.

Undanfarið hefur verið í smíðum heimasíða fyrir félagið. Þar er ætlunin að kynna félagið, sögu þess og starfsemi. Eru þeir sem eiga í forum sínum efni og eða myndir úr starfi hvattir til þess að koma þeim til okkar. Nú þurfa menn ekki að hafa áhyggjur af því að myndir þeirra tapist því við skönnum þær og skilum.

Aðalsteinn Baldursson hefur umsjón með gerð síðunnar.

Miðvikudagskaffi.

Í kaffitímanum á hverjum miðvikudagsmorgni mæta í hús BV. helstu sérfræðingar félagsins í málefnum líðandi stundar. Má þar nefna sérfræðinga í Formúli 1. kappakstrinum, enska boltanum, rekstri bæjarins og reyndar í hverju því máli sem upp er borið.

Undanfarnar vikur hafa tveir einstaklingar kenndir við sama ættaróðalið séð um velígrunduð skoðanaskipti.

Allir meðlimir BV. eru hvattir til að mæta, láta skoðun sína í ljósi, vera ekki sammála of mörgum og úða í sig kaffi og brauðmeti.

Bátamál.

Jettin á Þór voru tekin upp sl. sumar og skipt um hverfla auk þess sem dyttað var að ýmsu smálegu. Fyrir liggur að kaupa þarf nýjar skrúfur og skrúfuhringi og mála bátinn. Þá var sett í bátinn ný gasmiðstöð en sú sem fyrir var hafði aldrei virkað almennilega. Keypt var ný tölva og siglingarforrit, en sú gamla var barn sýns tíma og orðin léleg. Einnig var skipt um vélarrúmsblásara og smíðaður stigi fyrir kafara. Þar sem nú fer að sjá fyrir endann á húsbyggingunni, þá þarf að hefja smíði á kerru undir Þór svo hægt sé að koma honum í hús.

